

4. ársþing Kraftlyftingasambands Íslands var haldið 18. janúar 2014 í húsnæði Íþróttá – og Ólympíusambands Íslands, Engjavegi 6, Reykjavík. Þingið hófst kl. 16.00.

1. Þingsetning og staðfesting lögmætis þingsins í samræmi við lög KRAFT

Sigurjón Pétursson, formaður sambandsins, setti þingið og bauð þingmenn velkomna.

Hann hóf fundi með því að minnast Ólafs E. Rafnssonar, fyrrverandi forseti ÍSÍ, sem féll frá á síðasta ári. Allir risu úr sætum og vottuðu minningu hans virðingu.

Í lögum um kraftlyftingabing segir að halda skuli þingið fyrir 1. febrúar ár hvert og boða rafrænt með mánaðar fyrirvara. Sigurjón lýsti yfir lögmæti þingsins og að rétt hafði verið til þess boðað en það fundarboð birtist á KRAFT.is þann 12.12.2013.

2. Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd

Lögð var fram tillaga um Gry Ek, Maríu Guðsteinsdóttur og Erlu Kristínu Árnadóttur.

Tillagan var samþykkt.

3. Kosning þingforseta og varaþingforseta

Lögð var fram tillaga um Magnús Örn Guðmundsson sem þingforseta og Guðjón Hafliðason sem varaþingforseta.

Tillagan var samþykkt.

Magnús Örn þakkaði traustið og tók við fundarstjórn.

4. Kosning þingritara og varaþingritara

Gerð var tillögu um Gry Ek sem þingritara og Erlu Kristínu Árnadóttur sem varaþingritara.

Tillagan var samþykkt.

5. Þinggerð síðasta árs lögð fram

Þinggerðin hefur legið frammi á heimasíðu KRAFT undir liðnum fundargerðir síðan í febrúar sl. og var þess vegna ekki dreift á þinginu.

6. Ávörp gesta.

Sigríður Jónsdóttir, stjórnarmaður ÍSÍ, ávarpaði þingið. Hún hafði kynnt sér og lauk lofi á skýrslu stjórnar og ársreikninga. Hún fagnaði sérstaklega að fleiri fyrirmyndarfélög höfðu bæst í hópinn og hvatti kraftlyftingafélög til að halda áfram á þeirri braut. Hún gerði styrkjamál og fjármögnun íþróttamála að umtalsefni og brýndi menn til að standa vörð um Lottóið, sem er í eigu ÍSÍ, UMFÍ og ÖBÍ, en þangað eiga tekjurnar að fara. Hún þakkaði formanni KRAFT Sigurjóni Péturssyni fyrir gott samstarf á árinu og sagði að hann væri góður forsvarsmaður kraftlyftingaiþróttarinnar og eftir honum tekið innan ÍSÍ. Sigríður óskaði KRAFT alls góðs á nýju ári.

7. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykkt

Kjörnefnd skilaði álitum sem var samþykkt.

Samkvæmt lögum KRAFT voru gefin út kjörbréf til 49 fulltrúa frá 9 héraðssamböndum/íþróttabandalögum og 14 kraftlyftingafélögum/-deildum.

Á þinginu voru mættir 25 fulltrúar með löglega undirrituð kjörbréf:

Kraftlyftingadeild Ármanns: Júlían J.K.Jóhannsson, Ingimundur Ingimundarson.

Kraftlyftingadeild Gróttu: Ása Ólafsdóttir, Aron Lee Du Teitsson, Erla Kristín Árnadóttir og Ingimundur Björgvinsson.

Kraftlyftingafélag Seltjarnarness: Magnús Örn Guðmundsson og Grétar Dór Sigurðsson.

Kraftlyftingafélag Akureyrar: Grétar Skúli Gunnarsson, Viktor Samúelsson og Einar Hannesson.

Kraftlyftingadeild Breiðabliks: Halldór Eypórsson, Helgi Hauksson, Auðunn Jónsson og Róbert Kjaran.

Massi: Sturla Ólafsson, Ólafur Hrafn Ólafsson, Þorvarður Ólafsson og Gunnlaug Olsen.

Kraftlyftingafélag Akraness: Kári Rafn Karlsson og Sturlaugur A. Gunnarsson

Kraftlyftingafélagið Víkingur: Sigfús Fossdal, Hjördís Þráinsdóttir, Pétur Berg Maronsson

HSK: Rósa Birgisdóttir

8. Kosning þriggja manna í fjárhagsnefnd, laganefnd og allsherjarnefnd þingsins

Eftirfarandi tillögur voru lagðar fram og samþykktar:

Fjárhagsnefnd: Kári Rafn Karlsson, Sigfús Fossdal og Sigurjón Pétursson

Laganefnd: Helgi Hauksson, Sturla Ólafsson og Guðjón Hafliðason

Allsherjarnefnd: Halldór Eypórsson, Júlían Jóhannsson og Grétar Skúli Gunnarsson.

9. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar

Sigurjón Pétursson, formaður KRAFT, las skýrslu stjórnar.

Aths. Tölur í sviga í þessari ársskýrslu eru tölur fyrra árs.

Ágæta kraftlyftingafólk,

Velkomin til fjórða ársþings Kraftlyftingasambands Íslands eftir að það var stofnað á nýjan leik innan vébanda Íþróttta –og Ólympíusambands Íslands.

Á árinu sem var að líða gerðust margir góðir hlutir í íslenskum kraftlyftingum og fátt var það sem fór miður. Iðkendur hélt áfram að fjölga, við fengum aukna og einungis jákvæða umfjöllun í fjölmiðlum, tókum virkan þátt í erlendu samstarfi og keppnum og innviðir styrktust. Hlutfall kvenna og yngri aldurflokka jókst. Til marks um það má nefna að hlutfall kvennkeppenda í bekkpressumótinu nú fyrr í dag var 42%.

Afrek ársins

Í heildina fengum við á árinu 2013 á alþjóðlegum mótum, mótum eins og þau gerast sterkust í greininni í heiminum, 7(5) gull, 7(2) silfur og 10(2) brons. Samtals 24(9)

peninga. Af þessum 24 voru 8 sem fengust á Norðurlandamóti unglunga sem haldið var í febrúar 2013 á Íslandi.

Norðurlandamót unglunga og drengja/stúlkna 2013

Gullverðlaun samanlagt: Fanney Hauksdóttir, Gróttta, -57,0 kg flokki unglunga

Gullverðlaun samanlagt: Sindri Freyr Arnarson, Massi, -66,0 kg flokki unglunga

Gullverðlaun samanlagt: Guðfinnur Snær Magnússon, Breiðablik, -120,0 kg flokki drengja

Silfurverðlaun samanlagt: Alexandra Guðlaugsdóttir, KFA, -84,0 kg flokki unglunga

Silfurverðlaun samanlagt: Viktor Samúelsson, KFA, -105,0 kg flokki Bronsverðlaun

samanlagt: Arnhildur Anna Árnadóttir, Gróttta, -72,0 kg flokki Bronsverðlaun

samanlagt: Dagfinnur Ari Normann, Stjarnan, -74,0 kg flokki Bronsverðlaun

samanlagt: Þorvarður Ólafsson, Massi, -120,0 kg flokki

Evrópumót 2013

Bronsverðlaun samanlagt: Auðunn Jónsson, Breiðablik, +120,0 kg flokki

6. sæti samanlagt: María Guðsteinsdóttir, Ármanni, -72,0 kg flokki

Gullverðlaun í réttstöðulyftu: Auðunn Jónsson, Breiðablik, +120,0 kg flokki

Silfurverðlaun í hnébeygju: Auðunn Jónsson, Breiðablik, +120,0 kg flokki Bronsverðlaun

í bekkpressu: Auðunn Jónsson, Breiðablik, +120,0 kg flokki

Evrópumót unglunga og drengja/stúlkna 2013

samanlagt: Viktor Ben Gestsson, Breiðablik, +120,0 kg flokki drengja 4.sæti samanlagt:

Júlían J.K. Jóhannsson, Ármanni, +120,0 kg unglunga 5.sæti

samanlagt: Arnhildur Anna Árnadóttir, Gróttta, -74,0 kg flokki unglunga 7.sæti

samanlagt: Sindri Freyr Arnarson, Massi, -66,0 kg flokki unglunga 10.sæti samanlagt:

Viktor Samúelsson, KFA, -105,0 kg flokki unglunga 14.sæti

samanlagt: Daði Már Jónsson, Massi, -74,0 kg flokki unglunga

Gullverðlaun í bekkpressu: Viktor Ben Gestsson, Breiðablik, +120,0 kg flokki drengja

Gullverðlaun í réttstöðulyftu: Viktor Ben Gestsson, Breiðablik, +120,0 kg flokki drengja

Silfurverðlaun í hnébeygju: Viktor Ben Gestsson, Breiðablik, +120,0 kg flokki drengja

Silfurverðlaun í bekkpressu: Júlían J.K. Jóhannsson, Ármanni, +120,0 kg unglunga

Evrópumót í bekkpressu 2013 8.sæti: Sigfús Fossdal, KFV, +120,0 kg flokki

Heimsmeistaramót unglunga og drengja/stúlkna 2013

Bronsverðlaun samanlagt: Viktor Ben Gestsson, Breiðablik, +120,0 kg drengja 6.sæti

samanlagt: Arnhildur Anna Árnadóttir, Gróttta, -72,0 kg flokki unglunga 6.sæti

samanlagt: Viktor Samúelsson, KFA, -105,0 kg flokki unglung

6.sæti samanlagt: Júlían J. K. Jóhannsson, Ármanni, +120,0 flokki unglunga Silfurverðlaun

í bekkpressu: Viktor Ben Gestsson, Breiðablik, +120,0 kg drengja Silfurverðlaun í

réttstöðulyftu: Viktor Ben Gestsson, Breiðablik, +120,0 kg drengja

Bronsverðlaun í hnébeygju: Viktor Ben Gestsson, Breiðablik, +120,0 kg drengja

Bronsverðlaun í réttstöðulyftu: Júlían J. K. Jóhannsson, Ármanni, +120,0 flokki unglunga

Heimsmeistaramót í bekkpressu 2013 12. sæti: Ingimundur Björgvinsson, Gróttta, -105,0 kg flokki

Heimsmeistaramót unglunga í bekkpressu 2013 Bronsverðlaun samanlagt: Fanney Hauksdóttir, Gróttta, -63,0 kg flokki unglunga

Heimsmeistaramót í klassískum kraftlyftingum 2013 6.sæti samanlagt: Aron Teitsson, Grótta, -83,0 kg flokki Bronsverðlaun í bekkpressu: Aron Teitsson, Grótta, -83,0 kg flokki.

Heimsmeistaramót í kraftlyftingum 2013

10. sæti samanlagt: María Guðsteinsdóttir, Ármanni, -72,0 kg flokki

Fjöldi meta var settur á innanlandsmótum. Lið Kraftlyftingadeildar Gróttu var stigahæst á árinu og Grótta varð því kraftlyftingafélag ársins. Það er gleðilegt fyrir þá sök að árangur Gróttu er fyrst og fremst konum að þakka, en Grótta hefur lagt undir sig flesta þyngdarflokka kvenna undanfarið keppnistímabil.

Í kjöri um Íþróttamann ársins á vegum félags íþróttafréttamanna hafnaði Auðunn Jónsson í 9. sæti.

Félagamál og Felix

Nú eru aðildarfélög 14 talsins. Stofnað hefur verið félag á Hvammstanga og eigum við von á formlegri aðildarumsókn frá þeim og fyrir liggur umsókn frá einu nýju félagi Lyftingafélagi Kópavogs. Eftir að þessi tvö félög bætast í hópinn verða félögin orðin 16. Starfsemin er misgróskumikil í félögunum en heilt yfir góð. Félagið á Selfossi lagðist af á árinu.

Tvö kraftlyftingafélög hafa bæst í hóp fyrirmyndarfélaga. Það eru Kraftlyftingadeild Breiðabliks og kraftlyftingadeil Ármanns. Við óskum þeim til hamingju með þennan áfanga. Fyrirmyndarfélög eru nú 4 innan KRAFT. Ég vil enn og aftur ítreka þá hvatningu mína til annarra félaga að setja sig nú þegar í samband við ÍSÍ inn á slóðinni <http://www.isi.is/efnisveita/fyrirmyndarfelag/> Þar er allar upplýsingar og fyrirmyndir að texta að finna.

Alls eru nú skráðir 1042 (833) iðkendur í kraftlyftingafélög í Felix félagakerfi ÍSÍ. Við stofnun KRAFT grunaði engan að fjöldi iðkenda myndi verða slíkur sem skráningin í Felix ber vitni um. Ég vil hrósa forráðamönnum félaganna fyrir gott framlag á þessu sviði. Eins og áður hefur komið fram í mínu máli þá er skráningin mikið hagsmunamál fyrir okkur öll. Innan ÍSÍ er litið til þessarar skráningar sem mælikvarða þegar styrkjum, lottótekjum ofl. er úthlutað. Á formannafundi ÍSÍ í nóvember sl. voru þessar tölur kynntar og vöktu jákvæða athygli. Eins vöktu athygli tölur um iðkendafjölda í ólympískum lyftingum hjá Lyftingasambandi Íslands og óskum við þeim til hamingju.

Stjórn og stjórnarfundir

Stjórn sambandsins var þannig skipuð á sl. ári.

Sigurjón Pétursson formaður
Guðjón Hafliðason varaformaður
Gry Ek Gunnarsson ritari
Kári Rafn Karlsson gjaldkeri
Birgir Viðarsson meðstjórnandi

Varamenn voru kjörnir þeir Auðunn Jónsson, Óskar Ingi Víglundsson og Aron Lee Teitsson. Formaður og varamenn eru kosnir til eins árs en aðrir stjórnarmenn til tveggja ár. Á vormánuðum óskaði Birgir Viðarsson eftir lausn frá störfum og tók þá Aron Lee sæti aðalmanns.

Stjórnin hélt 7 (9) bókaða stjórnarfundir og tvo formannafundi á árinu 2013. Auk þess hafa eins og gengur og gerist verið haldnir margir minni óskráðir vinnufundir, fundir með ýmsum félagasamtökum og opinberum aðilum s.s. menntamálaráðherra, formannafundur sérsambanda ÍSÍ svo og náttúrlega fjöldinn allur af símtölum og snúningum. GSM og bensínkostnaður stjórnarmanna er því verulegur. Áður en lengra er haldið vil ég þakka stjórnarmönnum hið mikla, óeigingjarna og góða framlag þeirra. Þetta er búið að vera frábært ár með frábærri áhöfn.

Hlutverk KRAFT og grunngildi

Þegar litið er yfir farinn veg og til framtíðar á tímamótum sem þessum þykir mér rétt að ríffa upp hvert er hlutverk og tilgangur KRAFT. Þannig má betur meta árangur og móta stefnu til framtíðar. Í lögum sambandsins segir að KRAFT eigi að vera æðsti aðili kraftlyftinga á Íslandi og er hlutverk þess í meginatriðum:

- a. að hafa yfirumsjón allra íslenskra kraftlyftingamála
- b. að vinna að eflingu kraftlyftinga í landinu
- c. að vinna að stofnun nýrra aðildarféлага
- d. að setja íslenskum kraftlyftingum nauðsynleg lög og reglur og sjá til þess að þeim sé fylgt
- e. að löggilda dómara, þjálfara menn til dómarastarfa og veita þeim réttindi
- f. að standa að menntun kraftlyftingabjálfa og veita þeim tilskilin réttindi
- f. að standa fyrir og úthluta kraftlyftingamótum
- g. að standa vörð um uppeldislegt gildi kraftlyftinga á Íslandi
- h. að tefla fram landsliðum og keppendum í alþjóðlegri keppni
- i. að koma fram erlendis fyrir hönd kraftlyftinga á Íslandi
- j. að vinna að öðrum þeim málum er varða kraftlyftingar á Íslandi

KRAFT er aðili að:

- a. Íþróttta- og Ólympíusambandi Íslands, (ÍSÍ)
- b. Alþjóða kraftlyftingasambandinu, (IPF)
- c. Kraftlyftingasambandi Evrópu (EPF)
- d. Kraftlyftingasambandi Norðurlanda (NPF)

KRAFT skal gæta samræmis við reglur og ákvarðanir ÍSÍ og sjá um að reglur varðandi kraftlyftingar séu í samræmi við alþjóðareglur. Reglur og ákvarðanir KRAFT eru bindandi fyrir aðila að KRAFT; félag, iðkendur, keppendur, dómara, þjálfara, forystumenn og aðra þá sem eru innan vébanda aðildarféлага KRAFT.

Enn fremur þykir mér rétt að ríffa upp hver eru grundvallargildin en þau eru:

Siðferði, drengskapur og heiðarleiki
Heilbrigði
Afburða árangur
Skapgerð og menntun
Gleði og ánægja
Samvinna
Ástundun og skuldbinding
Virðing fyrir lögum og reglum
Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum iðkendum

Hugrekki
Samkennd og samstaða.

Mótamál

Mótahald svo og að rækta félögin og vinna að stofnun nýrra eru mikilvægir þættir í eflingu kraftlyftinga í landinu. Ný mótanefnd tók til starfa á vormánuðum undir forystu Maríu Guðsteinsdóttur. Mótaskrá 2014 hefur verið birt á heimasíðu KRAFT svo og drög að mótaskrá fyrir 2015. Mjög mörg mót eru haldin bæði innanlands og erlendis og liggur töluverð vinna í því að samhæfa mótaskrána með allt þetta í huga. Á árinu 2013 hafa verið haldin mörg mót bæði á vegum KRAFT svo og innanfélagsmót. Stjórn KRAFT hefur mótað þá stefnu að félögin sjái um allt mótahald en að stjórnin einbeiti sér að öðrum störfum. Félögin hafa staðið sig mjög vel hvað allt mótahald snertir. Sum félög hafa verið að halda sín fyrstu mót og hafa þannig öðlast dýrmæta reynslu hvað varðar form og framkvæmd. Allri skráning keppenda hefur verið komið í enn fastari skorður en áður og nú á öllum að vera ljóst að enginn á að keppa né starfa á mótum nema vera skráður í Felix félagakerfi ÍSÍ.

Á mótaskrá sambandsins árið 2014 eru samtals 30 mót. Þar af 13 innanlandsmót. Eitt af þessum erlendu mótum, Norðurlandamót 2014, verður haldið á Íslandi í ágúst nk. 13 innanlandsmót á mótaskrá KRAFT er ekki nóg. Félögin eru mismunandi dugleg við að halda mót. Líklega er KFA með vinningin hvað varðar mótafjölda en þar eru haldin fjöldi innanfélagsmóta. Mótahald eflir liðsandann og setur ný og hærri markmið fyrir keppendur. Ég vil því hvetja öll félög til að auka mótahald sitt og setja mótin á mótaskrá KRAFT. Með því að setja þau á mótaskrá fá m.a. dómamarar tækifæri til að viðhalda sinni vottun og þekkingu. Framkoma keppenda á mótum hefur verið til fyrirmyndar.

Mótareglur

Enn á ný hefur nokkur vinna hefur verið leyst af hendi hvað varðar mótareglur og litu nýjar endurskoðaðar reglur tvisvar dagsins ljós á árinu 2013. Eins og áður hefur, í ljósi reynslunnar, verið reynt að bæta orðalag þannig að sem minnst sé um að ræða túlkunaratriði og óvissu. M.a. voru sett ákvæði í mótareglur varðandi framlag félaga á dómurum til mótahalds.

Agamál og aganefnd

Á árinu samþykkti stjórn KRAFT reglugerð um aganefnd og skipaði aganefnd í kjölfarið. Anna Sigríður Árnadóttir var kjörin formaður nefndarinnar. Nefndin fékk eitt mál til meðferðar á árinu, ósk kraftlyftingadeildar Gróttu um að nefndin tæki fyrir meinta aðstoð félagsmanns í kraftlyftingafélagi innan raða KRAFT á kraftlyftingamóti sem haldið var af félagi utan raða KRAFT. Undir þessum lið vil ég nota tækifærið og vekja athygli á því að skv. dreifibréfi ÍSÍ er "Óheimilt að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXIII. kafla almennra hegningarlaga til starfa innan íþróttahreyfingarinnar hvort sem um er að ræða sjálfboðaliða eða launþega.

Reglugerð um félagsaðild

Á árinu var sett reglugerð um félagsaðild, félagaskipti, úrsögn úr félagi og brottvikningu. Tilgangur reglugerðarinnar er m.a. að koma meiri festu á framangreind atriði og koma í veg fyrir að hægt sé að víkja sér undan lyfjaeftirlitinu með skyndilegri úrsögn en í reglugerðinni eru ákvæði þess efnis að úrsögn tekur gildi 30 dögum eftir

móttöku. Keppnistímabilið er skilgreint í reglugerðinni og er keppendum aðeins heimilt að keppa fyrir eitt félag á hverju keppnistímabili.

Klassískar kraftlyftingar

Á síðasta þingi var samþykkt tillaga kraftlyftingadeildar Gróttu þess efnis að Afreksstefna KRAFT taki mið af klassískum kraftlyftingum með þeim hætti sem gert er með “búnaðarkraftlyftingar”; að sett verða meistarametsviðmið í klassískum kraftlyftingum sem verði grundvöllur komandi Íslandsmeta; að sett verði sérstök landsliðslágmörk sem miðað verði við þegar valið verði í landslið í klassískum kraftlyftingum og að haldið verði Íslandsmeistaramót í klassískum kraftlyftingum. Samkvæmt þessari samþykkt var starfað á árinu. Haldið var Íslandsmót, gerðar nauðsynlegar breytingar og Aron Lee Teitsson tók þátt í fyrsta alþjóðamóti í klassískum kraftlyftingum sem fór fram í Suzdal í Rússlandi og fékk þar brons. Klassískar kraftlyftingar komust því rækilega á kortið og eru nokkur mót fyrirhuguð á þessu ári. Hluti skýringar þess hversu iðkendum skráðum í Felix hefur fjölgað má eflaust rekja til þessara breytinga. Eitt af því sem forráðamenn í kraftlyftingahreyfingunni í heiminum hafa óttast með tilkomu klassískra kraftlyftinga er að með þeirri breytingu komi inn í greinina mikill fjöldi nýrra iðkenda og keppenda og þeim geti fylgt stóraukin hætta á lyffjamisnotkun. Því miður reyndist þessi ótti á rökum reistur og var gríðarlegt fall á lyffjaprófum á mótinu í Suzdal. Sem dæmi má nefna að 7 keppendur frá Kazakstan féllu á lyffjaprófi þar og Kazakstan er því komið í tveggja ára keppnisbann hjá IPF.

Þátttaka á mótum erlendis

Á árinu tóku íslenskir keppendur 31 sinnum þátt í 9 alþjóðlegum mótum eða á öllum helstu kraftlyftingamótum á erlendri grundu sem haldin voru.

Norðurlandamót unglinga fór fram á Íslandi í febrúar. 13 íslenskir keppendur tóku þátt.

Evrópumeistaramótið fór fram í Tékklandi í maí. Þar kepptu Auðunn Jónsson og María Guðsteinsdóttir. Grétar Hrafnsson sem ráðinn var sem landsliðsþjálfari á árinu fór sem aðstoðarmaður keppenda. Helgi Hauksson var dómari á mótinu. Sigurjón Pétursson formaður KRAFT var fararstjóri og þingfulltrúi á ársþingi EPF.

HM unglinga í Killeen í Texas í ágúst. Júlían J.K. Jóhannsson, Viktor Samúelsson, Viktor Ben Gestsson og Arnhildur Anna Árnadóttir kepptu á mótinu. Með þeim fóru Grétar Hrafnsson sem aðstoðarmaður keppenda og Borghildur Erlingsdóttir sem liðsstjóri.

EM unglinga í Prag í Tékklandi í apríl. Á þessu móti kepptu Júlían J.K. Jóhannsson, Viktor Samúelsson, Viktor Ben Gestsson, Arnhildur Anna Árnadóttir, Sindri Freyr Arnarson, og Daði Már Jónsson. Grétar Hrafnsson fór með sem fararstjóri og aðstoðarmaður.

EM í bekkpressu fór fram í Bratislava í Slóvakía og keppti Sigfús Fossdal á mótinu.

HM í bekkpressu fór fram í Kaunas í Litháen og keppti Ingimundur Björgvinsson á mótinu.

HM unglunga í bekkpressu. Á þessu móti keppti Fanney Hauksdóttir og fór Grétar Hrafnsson með sem fararstjóri og aðstoðarmaður.

HM í klassískum fór fram í Suzdal í Rússlandi og tók Aron Lee Teitsson þátt. Grétar Hrafnsson fór með sem fararstjóri og aðstoðarmaður.

HM 2013 fór síðan fram í Stavanger í Noregi í nóvember og kepptu þau Auðunn Jónsson og María Guðsteinsdóttir þar en Klaus Jensen var dómari fyrir Íslands hönd. Enn fremur fór Gry Ek Gunnarsson á mótið sem fararstjóri og þingfulltrúi á ársþing IPF.

Heimasíða, Facebook og Flickr

Eitt af því sem er mikilvægt til eflingar kraftlyftingum er að allt upplýsinga-streymi sé í góðum farvegi. Heimasíða sambandsins gegnir hér lykilhlutverki. Ný heimasíða var tekin í notkun á árinu 2012. En eins og áður hefur komið fram er ekki nóg að vera með gott kerfi og útlit. Það þarf líka að vera sífellt að setja inn fréttir, fundarboð, fundargerðir, tilkynningar um mót ofl. ofl. Ritari sambandsins Gry Ek Gunnarsson og María Guðsteinsdóttir hafa verið vefstjórar og enn á ný lyft grettistaki í þessum efnum. Á árinu 2013 voru settar inn á annað hundrað fréttir svo og mikill fjöldi af öðrum færslum svo sem fundargerðir, uppfærðar reglur ofl. Auk kraft.is hefur sambandið Facebooksíðu sem mikil umferð er um. Gry hefur einnig umsjón með gagnabanka KRAFT og skráningu úrslita og Klaus Jensen hefur tækniúmsjón með síðunni og hefur boðið okkur upp á vistun undanfarin ár.

Flickr ljósmyndasíða á slóðinni <http://www.flickr.com/photos/kraft2010/sets> hefur verið tekin í gegn og komið þar fyrir ljósmyndum frá starfsemi sambandsins á undanförunum árum. Sambandið á því verulegt ljósmyndasafn sem aðgengilegt er fyrir alla.

Goodlift, dómara ljós, vigt, lóð og annar búnaður í eigu sambandsins

Goodlift tölvukerfið hefur reynst vel. Í ráði er að styrkja kerfið enn frekar með stærri skjám og viðbótum við hugbúnaðinn svo og kaupa góðar töskur utan um búnaðinn svo hann sé auðveldari og öruggari í flutningi. Forritið Goodlift og birtingarmöguleikar sem það býður upp á fyrir keppendur, áhorfendur og starfsmenn gjörbreyta öllu upplýsingaflæði og keppnir ganga hraðar og markvissar fyrir sig. Ákveðið hefur verið að festa kaup á upptöku- og tölvubúnaði þannig að hægt verði að sýna beint (streaming) frá öllum kraftlyftingamótum.

Eleiko kaup

Á árinu stóð sambandið fyrir sameiginlegum innkaupum á 6 lyftingasettum auk annars búnaðar frá Eleiko fyrirtækinu í Svíþjóð. Eleiko ber höfuð og herðar yfir aðra framleiðendur á sviði kraftlyftinga. Fyrirtækið bauð 40% afslátt á búnaðinum og er hér um að ræða góða viðbót við tækjabúnað félaganna. Sambandið tók enga þóknun fyrir að annast innkaupin en setti það skilyrði að félagin lánuðu sambandinu án endurgjalds búnaðinn ef hans verður þörf á mótum á vegum þess.

Styrkjamál.

Afreksmannasjóður úthlutaði einum A styrk fyrir árið 2013 kr. 2.400.000 til KRAFT v. Auðuns Jónssonar og tveimur C styrkjum kr. 720.000 hvor vegna Maríu Guðsteinsdóttur og Júlíans J.K. Jóhannssonar. Olympíufjölskyldan úthlutaði

sambandinu kr. 200.000 til þátttöku í mótum á árinu erlendis og hefur þannig verið mögulegt að greiða móta -og lyffjaprófunargjöld fyrir alla þá sem taka þátt í mótum erlendis á vegum sambandsins.

Mjög mikilvægt er að við öll hugum nú vel að öflun frekari styrkja, fáum stuðningsaðili til liðs við okkur og aukum þekkingu á því sjóðakerfi sem sambandið, félögin og einstakir félagar geta og eiga rétt á að fá úthlutað úr. Nú þegar greinin er orðin svo fjölmenn og vel kynnt á þetta starf að verða auðveldara. Fjárhöflunarnefnd KRAFT hefur fengið nýjan formann, Sigfús Fossdal og eru miklar vonir bundnar við störf nefndarinnar.

Afreksfólk – Kraftlyftingamaður og kona ársins

Stjórn KRAFT tilnefndi þau Auðunn Jónsson og Fanney Hauksdóttur sem afreksfólk ársins – kraftlyftingamaður og kona ársins.

Auðunn Jónsson, Breiðablik, hefur verið í flokki bestu kraftlyftingamanna heims um árabíl. Hann er í 10. sæti á afrekslista IPF í sínum flokki. Helstu afrek 2013: Evrópumót +120,0 kg flokki: 3. sæti og bronsverðlaun samanlagt. Evrópumót +120,0 kg flokki: 2.sæti og silfurverðlaun í hnébeygju. Evrópumót +120,0 kg flokki: 3. sæti og bronsverðlaun í bekkpressu. Evrópumót +120,0 kg flokki: 1.sæti og gullverðlaun í réttstöðulyftu. Fanney Hauksdóttir, Gróttá, er í 20. sæti á heimslistanum í sínum flokki. Hún er fædd 1992 og keppir enn í unglingsflokki. Hún hefur samt náð frábærum árangri á árinu, sérstaklega í bekkpressu sem er hennar sérgrein. Hún er í 16. sæti á afrekslista IPF í bekkpressu í opnum flokki -57,0 kg, þó hún sé ennþá unglings. Helstu afrek 2013:HM unglings í bekkpressu -57,0 kg flokki: 3. sæti og bronsverðlaun Norðurlandamót unglings í kraftlyftingum -57,0 kg flokki: 1. sæti og gullverðlaun Íslandsmeistaramót í bekkpressu: 1. sæti á stigum og gullverðlaun Íslandsmeistaramót í kraftlyftingum -63,0 kg flokki: 1. sæti og gullverðlaun. Fanney setti Íslandsmet í bekkpressu á árinu með 115,0 kg í -63,0 kg flokki, en það er met bæði í unglingsflokki og opnum flokki. Alþjóða kraftlyftingasambandið IPF hefur birt listann yfir bestu kraftlyftingamenn í kvenna-og karlaflokki 2012. Listann er að finna á eftirfarandi slóð: <http://www.powerlifting-ipf.com/507.html> Þar er gaman að sjá Auðunn Jónsson í 10. sæti í +120 kg flokki, María Guðsteinsdóttir er í 20. sæti í -72,0 kg flokki og Júlían er í 29. sæti +120 kg. flokki.

Erlend samskipti

Í tengslum við EM í Pilzen í Tékklandi í maí var haldið ársþing EPF og sótti Sigurjón Pétursson formaður KRAFT þingið. Ársþing IPF var síðan haldið í Stavanger í Noregi í nóvember og sótti Gry Ek það fyrir hönd sambandsins. Þetta er fjórða árið sem við sendum fulltrúa á Evrópuþingið og Alþjóðþingið. Með þátttöku og viðkyrningu við forráðamenn kraftlyftinga á alþjóðavettvangi hafa myndast mjög sterk og persónuleg tengsl við fjölda ráðamanna á alþjóðavettvangi og fullyrði ég að Ísland nýtur nú virðingar og trausts; og hefur stöðu á þessum vettvangi. Til stuðnings framangreindri fullyrðingu má geta þess að formaður og ritari KRAFT skipa nú formanns -og ritarasæti samtaka kraftlyftingasambanda á Norðurlöndum Nordic Powerlifting Federation (NPF) og formaður KRAFT hefur verið skipaður formaður Aganenfndar International Powerlifting Federation (IPF).

Landsliðsmál – Afreksstefna

Landsliðsnefnd undir forystu Kára Rafns Karlsson vann mikið starf á árinu. Í upphafi ársins var gerð heildstæð áætlun fyrir þátttöku í öllum erlendum mótum ársins. Áætlunin gekk eftir. Afreksstefna KRAFT var endurskoðuð og samþykkt á formannafundi í maí. M.a. var þar bætt inn ákvæðum varðandi klassískar kraftlyftingar. Í upphafi ársins var í samræmi við áður samþykktu afreksstefnu gengið frá samningi við Grétar Hrafnsson sem landsliðsþjálfara. Grétar hefur lagt sig mikið fram á árinu og lagt fram gríðarlega mikla vinnu. M.a. hefur hann verið um 40 daga fjarri sínu heimili erlendis á vegum sambandsins við að aðstoða íslenska þátttakendur á erlendum mótum. Þess má geta að einungis þau sambönd sem komið hafa upp afreksstefnu koma til greina þegar stjórn Afreksmannasjóðs úthlutar. Andri Stefánsson forstöðumaður Afrekssviðs ÍSÍ var til ráðuneytis við endurskoðun afreksstefnunnar. Er Andra hér með þakkað fyrir hans framlag. Kári Rafn vann síðan á árinu tillögu að lágmörkum fyrir setningu Íslandsmeta í klassískum kraftlyftingum og samþykkti stjórn KRAFT tillögu Kára Rafns á haustmánuðum. Skráning klassískra meta hófst 1. janúar 2014.

Fræðslumál

Stórt og merkilegt skref var á árinu 2012 stigið í fræðslumálum KRAFT, skref sem skila mun varanlegum afreksárangri í framtíðinni. Eins og kom fram í síðustu ársskýrslu var gengið frá samkomulagi við Dietmar Wolf landsliðs-þjálfara Noregs varðandi það að hann kæmi með varanlegum hætti að fræðslu þjálfara og uppbyggingu markvissra þjálfunaráætlana fyrir íslenska kraftlyftingamenn. Þess má geta að Dietmar hefur unnið gríðarlega merkilegt starf á þessu sviði í Noregi en flestir eru sammála um að í Noregi muni þessi mál vera í hvað bestum farvegi á heimsvísu. Dietmar kom síðan og hélt fyrsta námskeiðið. Þessari vinnu verður haldið áfram. Tilgangurinn er að þjálfaramenntunin komi félögunum beint til góða og nýtist innan félaganna. Þess vegna hefur skráning á námskeiðin verið í höndum félaga, ekki einstaklinga og þannig verður það áfram. Allan undirbúning og framkvæmd annaðist formaður fræðslunefndar Gry Ek Gunnarsson og eru henni færðar hinar bestu þakkir fyrir þetta framlag. Varðandi þjálfarmál er það að segja að mjög mikilvægt er að hvert félag sé með sinn eigin félagsþjálfara sem vinni að þjálfun heima í félaginu. Einnig teljum við mjög mikilvægt að hvert félag komi sér upp eigin þjálfunaraðstöðu sem það hefur algjör yfirráð yfir og eftirlit með. Það er hlutverk forráðamanna félaganna og skylda að tryggja að félagsmenn geti þjálfað sig í öruggu umhverfi þar sem fullt og ótakmarkað aðgengi lyfjaeftirlitsins er til staðar. Því miður er mikill misbrestur á að almennar líkamsræktarstöðvar fullnægi þessum kröfum.

Dómaramál.

Dómaranefnd undir forystu Helga Haukssonar vann vel á árinu. Nefndin sér m.a. um menntun nýrra dómara auk þess sem stjórn sambandsins hefur leitað ráða hjá nefndinni á árinu. Þrír nýir dómarar öðluðust dómaraéttindi á árinu. Grétar Hrafnsson – Breiðablik, Jón Sævar Brynjólfsson – Stjörnunni og Ásmundur R. Ólafsson – Massa. Við óskum þeim til hamingju með það. Helgi Hauksson alþjóðadómari dæmdi fyrir Íslands hönd á EM í Tékklandi í maí og Klaus Jensen alþjóðadómari dæmdi fyrir Íslands hönd á HM í Stavanger í Noregi. Helgi Hauksson tók einnig próf sem Category 1 dómari á EM í maí. Hann er fyrsti íslenski dómari sem nær þessu stigi í alþjóðlegri dómgæslu. Óskum við honum til hamingju. Það er markmið sambandsins að efla þekkingu dómara og tryggja topp dómgæslu á öllum mótum. Liður í því er að mennta

dómara innan sambandsins. Mikilvægt er fyrir félögin að eiga á að skipa góðum hópi dómara og einnig er mikilvægt fyrir okkur að hafa á að skipa alþjóðadómurum. Við eigum nú þrjá alþjóðadómara þá Helga Hauksson, Hörð Magnússon og Klaus Jensen. Stjórnin hefur mótað þá stefnu að við þurfum að eiga í það minnsta 5 einstaklinga með alþjóðleg dómaraaréttindi. Sótt verður um vottun fyrir tvo íslenska dómara sem alþjóðlega dómara á árinu 2014. Vakin er athygli á 19. gr. mótareglanna en þar er sett aukin skylda á herðar félaganna varðandi dómara frá þeim á mót. Enn fremur hafa þessar reglur verið hertar á alþjóðlegum grundvelli. Nú þarf KRAFT að greiða sektir ef ekki er komið með dómara á erlend mót ef keppendur eru þrír eða fleiri. Hingað til hefur ekki verið hluti af íslensku mótahaldi að vera með kviðdóm dómara. Það hefur hins vegar verið rætt hvort ekki sé þörf á slíku og þá fyrst og fremst á Íslandsmótum og Bikarmótum. Hygg ég að breytinga sé að vænta á árinu í þessum efnum.

Lyffjamál – Nýjar WADA reglur 2015

Lyffjamálin eru stöðugt í brennidepli bæði á alþjóðavettvangi svo og hér innanlands. Til upprifjunar voru það jú lyffjamálin sem einna helst ýttu þeirri þróun af stað að gamla kraftlyftingasambandið var lagt niður og KRAFT var stofnað. Rétt er að taka fram að lyffjamálin eru ekkert sérstaklega mikilvæg eða uppi á borðinu í kraftlyftingum umfram aðrar íþróttagreinir. Langt frá því. Lyffjamálinu eru mikið áhersluatriði í nánast öllum íþróttagreinum alls staðar í íþróttahéiminum. Samstarfið við Örvar Ólafsson verkefnisstjóra Lyffjaeftirlits ÍSÍ hefur verið frábært. Lyffjaeftirlit ÍSÍ framkvæmdi **10** lyffjapróf á meðlimum KRAFT árið **2013**. Sýni voru tekin af **6** körlum og **4** konum, **4** próf voru tekin í keppni, **6** utan keppni. Niðurstöður úr öllu prófum voru neikvæðar. Þ.e.a.s. ekki fannst neitt bannefni. Alls hafa frá stofnun KRAFT verið framkvæmd **48** próf sem öll utan eins hafa reynst neikvæð. Markmiðið hlýtur að vera ekkert jákvætt lyffjapróf. Við sendum árlegar skýrslur til IPF og WADA um þennan málaflökk. Kraftlyftingasambandið fagnar komu eftirlitsmanna lyffjaeftirlitsins hvenær sem þeir mæta á okkar mót eða heimsækja okkur þar sem æft er. Okkur er mikið í mun að sýna og sanna að meðlimir KRAFT stundi kraftlyftingar án notkunnar ólöglegra efna og sýni eftirlitinu fullt traust og góða samvinnu. Það er undirstöðuatriði að öll félög innan KRAFT taki þátt í baráttunni gegn notkun óleyfilegra lyfja með fræðslu, áróðri og með því að skapa félagsanda og menningu sem útilokar allt slíkt. Í staðinn byggjum við upp félagsanda þar sem allt er uppi á borðinu og menn keppa á heilbrigðum jafnréttisgrundvelli. Eitt mál kom upp á árinu sem varðaði meinta notkun iðkanda innan KRAFT á efnum á bannlista WADA og starfsemi þjálfara hennar. Málið var dómtekið og var niðurstaða dómsins að iðkandinn og þjálfarinn voru sýknuð. Dómsorð lyffjadómstólsins eru lokaorð í málum sem þessum og er málinu því lokið. Nýjar WADA reglur taka gildi 1.1.2015. Skv. þeim munu þyngri viðurlög liggja við notkun lyfja á bannlista. Hingað til hefur tveggja ára keppnisbann verið algengast en nú verður fjögurra ára keppnisbann meginreglan.

Fjölmiðlamál

Jákvæð og aukin umfjöllun í fjölmiðlum er mikilvæg fyrir kraftlyftingagreinina. Þegar litið er á árið í heild er ljóst að umfjöllun jókst og var jákvæð fyrir greinina. Ljósvala- og prentmiðlar fjölluðu um öll helstu mót ársins. Við þurfum þó að duga betur. Verulega þarf að efla tengsl við fjölmiðla og eiga allar forsendur að vera til staðar. Eins og kom fram áður hefur verið tekin ákvörðun um að efla tæknibúnað sambandsins á þessu sviði og koma á beinni útsendingu frá öllum mótum.

Skrifstofa

Sambandið hefur opna skrifstofu í aðalstöðvum ÍSÍ í Laugardal á 4. hæð í húsi 3. Þar er aðgangur að tölvubúnaði og símtengingum; fundaraðstöðu svo og aðstöðu til að varðveita landsliðsbúninga, dómara ljósabúnað og annan búnað. Símanúmerið er 7728283.

Fjármál

Peningar eru ein af forsendum þess að reka sérsamband innan ÍSÍ með öllum þeim skyldum sem því fylgir svo og umsvifum innanlands og þátttöku á mótum og í alþjóðastarfi á erlendri grundu. Gjaldkeri sambandsins Kári Rafn Karlsson hefur haldið vel utan um fjármálin eins og hingað til. Starf gjaldkera felst ekki aðeins í hefðbundnum gjaldkerastörfum svo sem greiðslum og bókhaldi heldur er mjög viðamikill þáttur umsóknir og uppgjör vegna styrkja t.d. frá Afreksmannasjóði. Allt hefur þetta farið Kára Rafni vel úr hendi og eru honum þökkuð hans störf. Enn fremur hefur Kári Rafn lagt fram mikla vinnu í landsliðsnefndinni varðandi lágmarkaútreikninga ofl. svo og hefur hann haft veg og vanda af uppsetningu, rekstri og kennslu v. Goodlift kerfisins.

Að lokum

Margt fleira mætti nefna úr starfinu á árinu sem er að líða en ég læt hér staðar numið. Fjárhagur sambandsins hefur styrkst verulega eins og ársuppgjórið sem hér verður kynnt svo og áætlun fyrir árið 2014 bera með sér. Á árinu verða tekjur um 12 milljónir króna. Aldrei áður í sögu íslenskra kraftlyftinga höfum við geta styrkt jafn marga keppendur til farar á erlend mót eins og á árinu sem var að líða. Áður en ég lýk máli mínu vil ég þakka fyrir allan þann stuðning og traust sem ég sem formaður og stjórnin hefur fengið að njóta af ykkar hálfu. Árið hefur verið mjög skemmtilegt og okkur hefur tekist að festa sambandið enn betur í sessi bæði hér innanlands og erlendis. Verkefninu er hins vegar alls ekki lokið. Ég hef setið í mörgum góðum stjórnnum og ráðum í gegn um tíðina en sá hópur sem skipar núverandi stjórn KRAFT er einn sá besti. Einstaklingarnir eru ólíkir og koma úr ýmsum áttum en mynda mjög sterka og einhuga heild þar sem hver og einn kemur með sína sérþekkingu og styrkleika að borðinu. Eitt er sameiginlegt og það er áhuginn á framgangi kraftlyftinga. Það er málið. Á árinu óskaði Birgir Viðarsson eftir að losna frá stjórnarstörfum hjá sambandinu. Birgir hefur starfað í stjórnnum bæði gamla KRAFT og núverandi um árabíl og er framlag hans ómetanlegt. Ég vil nota tækifærið og þakka honum sérstaklega fyrir hans mikla og góða framlag. Enn fremur hverfur nú úr stjórninni Aron Lee Teitsson. Honum eru einnig þökkuð vel unnin störf.

Ég vil þakka stjórnarmönnum allt þeirra mikla framlag og góða samstarf. Ykkur þingfulltrúum þakka ég gott hljóð og traustið.

Hafnarfirði, 16. janúar 2014

Sigurjón Pétursson

10. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga KRAFT

Sigurjón Pétursson, formaður, lagði fram og skýrði reikningana.
Rekstrartekjur: 16.136.570
Rekstrargjöld: 15.785.261
Hagnaður ársins eftir fjármagnsliði: 361.259
Skuldir og eigið fé: 1.479.980

11. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga og reikningar bornir undir atkvæði

Boðið var upp á umræður, en enginn bað um orðið. Reikningar voru samþykktir samhljóða.

12. Stjórn KRAFT leggur fram fjárhagsáætlun KRAFT fyrir næsta starfsár

Sigurjón lagði fram fjárhagsáætlun. Þar er gert ráð fyrir tekjum 12.200.000 en gjöldum 11.936.000

13. Tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu

Enginn tillaga hafði borist.

14. Teknar til umræðu og afgreiðslu aðrar tillögur og önnur mál, sem hafa borist til stjórnar

Grétar Skúli Gunnarsson, formaður KFA, kynnti eftirfarandi tillögu um stofnun liðakeppnis í kraftlyftingum:

Tilaga frá KFA til aðalþings Kraft varðandi eflingu á keppnisumhverfi og stofnun deildar á vegum Kraft og aðildarféлага – í liðakeppni í kraftlyftingum.

Fyrirkomulag:

Félög geta skráð einstaklinga í deildina og skipað með þeim lið í deildinni.

Markmið

- Auka umsvif og tækifæri kraftlyftinga hvað varðar fjáröflun og umfjöllun í fjölmiðlum.

- Afla reynslu og búnaðar til að halda mót.

- Koma á lagninrnar spennandi og áhorfendavænum kraftlyftingum til fjölbreyttari hópa áhugamanna.

Ferli:

Stofna nefnd til að vinna að hugmyndum og aðferðum á aðalfundi

Skila inn tillögum fyrir íslandsmótið 1. Mars

Kynna hugmynd og skrá í „tilraunadeild“ með unglunga iðkendum fyrir lok mars

Sú deild verður minni útgáfa af aðaldeildinni og ef það heppnast vel vinna yfir sumarið að því að efla og skrá í deildina sem mundi hefjast um haustið

Fulltrúar KFA viku af fundi til að ná flugi heim.

Tillagan var rædd. Þinginu fannst tillagan áhugaverð og vísaði henni til stjórnar til frekari skoðunnar og úrvinnslu með öllum greiddum atkvæðum.

15. Álit þingnefnda og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær

Engar tillögur voru lagðar fyrir þingnefndir.

16. Ákveða þáttökugjöld í Íslands-og bikarmótum næsta keppnistímabils

Tillaga var lögð fram um að þáttökugjöld verði 5000 krónur á mótum þar sem keppt er í öllum greinum en 3500 krónur þar sem aðeins er keppt í einni grein. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

17. Önnur mál

Sigfús Fossdal, formaður kraftlyftingafélagsins Víkings, lagði fram tillögu um að landsliðsnefnd skoðaði möguleikann á að skilja á milli A og B viðmiða við val í landsliði til að gefa þeim kost á að fara á mót erlendis sem geta kostað sínar ferðir sjálfir og vilja afla sér keppnisreynslu á alþjóðamótum. Þingið samþykkti með öllum greiddum atkvæðum að vísa þessu máli til landsliðsnefndar til skoðunar.

18. Kosning stjórnar

Sigurjón Pétursson var endurkjörinn formaður til eins árs án mótframboðs. Aðrir stjórnarmenn voru kjörnir: Kári Rafn Karlsson, Gry Ek Gunnarsson, Sturla Ólafsson og Ása Ólafsdóttir. Varamenn voru kosnir til eins árs: Sigfús Fossdal, Einar Már Ríkarðsson og Óskar Ingi Víglundsson.

19. Kosning 2 endurskoðenda/skoðunarmanna og 2 til vara

Gerð var tillaga um að Helgi Briem og Magnús Örn Guðmundsson verði aðalmenn og Herbert Eyjólfsson og Borghildur Erlingsdóttir verði til vara. Tillagan var samþykkt samhljóða.

20. Kosning fulltrúa á íþróttáþing ÍSÍ

Kosning fulltrúa á íþróttáþing ÍSÍ. Íþróttáþing fer ekki fram fyrr en eftir næsta ársþing KRAFT þannig að lagt er til að þessum lið verði frestað. Samþykkt.

21. Þingslit

Sigurjón tók við stjórn þingsins og þakkaði þingforseta og þingfulltrúum fyrir störfín og ánægjulegt og gagnlegt þing. Hann þakkaði traustið sem sér og stjórninni hafði verið sýnt.

Hann kallaði fram Auðun Jónsson, Breiðablik, og afhenti honum viðurkenningu sem kraftlyftingamaður ársins í karlaflokki við fögnuð viðstaddra. Fanney Hauksdóttir, Gróttu, kraftlyftingakona ársins 2013 í kvennaflokki, var ekki viðstödd og fær sína viðurkenningu afhenta við fyrsta tækifæri.

Sigurjón sleit þinginu kl. 17.30.

Þingritari: Gry Ek Gunnarsson